

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2004 um gildistöku reglna um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Með vísan til 1. mgr. 70. gr., sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að þann 20. janúar 2004 taki gildi reglur um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 7. janúar 2004.*

**Porgeir Pálsson** flugmálastjóri.

## AUGLÝSING

### um hættumat vegna ofanflóða fyrir Bíldudal.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 6. janúar 2004 staðfest tillögur hættumatsnefndar Vesturbyggðar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Bíldudal.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 6. janúar 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*